

Priðjudaginn 21. maí 1996.

Nr. 188/1996.

Íslenskt marfang hf.

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

gegn

Puríði hf.

(Þórður S. Gunnarsson hrl.)

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 30. apríl 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. maí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. apríl 1996, þar sem synjað er kröfu sóknaraðila um, að varnaraðila verði gert að leggja fram málskostnaðartryggingu. Kæruheimild er í o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðila gert að setja tryggingu, að fjárhæð 1.021.444 krónur, fyrir greiðslu málskostnaðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar, en til vara, að fjárhæð tryggingar verði ákveðin lægri en sóknaraðili krefst. Í báðum tilvikum gerir varnaraðili kröfu um kærumálskostnað.

Svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði, var gert árangurslaust fjárnám hjá varnaraðila 13. desember 1995. Með þeirri gerð hafa verið leiddar líkur að því, að varnaraðili sé ófær um að greiða málskostnað. Breytir hér engu, þótt síðar hafi verið gert samkomulag um greiðslu þeirrar skuldar, sem krafist var fjárnáms fyrir. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila um, að varnaraðila verði gert að setja málskostnaðartryggingu. Þykir hún hæfilega ákveðin 400.000 krónur. Skal hún sett með peningum eða bankaábyrgð og héraðsdómara afhent skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja vikna frá uppsögu dóms þessa.

Varnaraðili greiði sóknaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Varnaraðila, Þuríði hf., er skylt að setja málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 400.000 krónur. Ber að setja trygginguna með peningum eða bankaábyrgð innan tveggja vikna frá uppsögu dóms þessa.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. apríl 1996.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 10. þ. m.

Stefnandi er Þuríður hf., kt. 540493-2519, Vatnsstíg 3, Bolungarvík.

Stefndi er Íslenskt marfang hf., kt. 470492-2959, Þverholti 14, Reykjavík.

Við þingfestingu málsins 28. mars sl. krafðist stefndi málskostnaðartryggingar úr hendi stefnanda með vísan til b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Af hálfu stefnanda er kröfunni mótmælt og þess krafist aðallega, að henni verði hafnað, en til vara, verði á hana fallist, að tryggingin verði ákveðin verulega lægri.

Stefndi rökstyður kröfu sína með því, að leiða megi líkur að því, að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar, þar sem gert hafi verið árangurslaust fjárnám hjá stefnanda 13. desember sl. Hefur stefndi lagt fram endurrit árangurslausrar fjárnámssgerðar, en þar kemur fram, að krafan, sem gera átti fjárnám fyrir, hafi verið að höfuðstól 1.884.869 kr. Þá bendir stefndi á, að árið 1995 hafi stefnandi selt allar eignir sínar. Stefnandi sé því eignalaus, og ekkert bendi til annars en hann sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Þá sé þess og að geta, að krafa sú, sem deilt sé um í máli þessu, sé veðsett sýslumanninum í Bolungarvík vegna opinberra gjalda stefnanda. Stefnandi sé samkvæmt framansögðu ófær um greiðslu málskostnaðar og beri sönnunarbyrðina fyrir eignastöðu sinni. Engu breyti um tilvist eignaleysis stefnanda, þótt nú liggi fyrir yfirlýsing um, að engin skuld standi á bak við hið árangurslausa fjárnám. Krafa sú, sem deilt sé um í máli þessu, myndi því teljast eina eign stefnanda, en hún sé bæði umdeild og óviss. Að þessu virtu séu fram komin skilyrði til að verða við fram kominni kröfu. Stefnuþjárhæð nemi alls tæpri 11½ milljón króna, og miðað við það sé hóflegt að krefjast þess, að tryggingin verði ákveðin 1.020.000 kr.

Af hálfu stefnanda er á það bent, að það sé almenn regla íslensks réttar, að allir eigi greiðan aðgang að dómstólunum. Vísar hann til 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. B-liður 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 feli í sér frávíksreglu, sem skýra beri þröngt. Samkvæmt greininni sé það skilyrði, að stefndi leiði líkur að því, að stefn-

andi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Í greinargerð með frumvarpinu komi fram, að dæmi séu um, að stefndi sé nauðbeygður til að taka til varna gegn tilefnislausri eða tilgangslítilli málshöfðun. Með því sé m. a. átt við, að fyrirsjáanlegt sé, að stefnandi muni tapa málinu, og einnig, að málsókn sé ástæðulaus. Stefndi hafi ekki sýnt fram á, að stefnukröfurnar eigi ekki rétt á sér. Stefndi eigi að vísu takmarkaðar eignir, en með greiðslu skuldarinnar, sem árangurslaust fjárnám var gert fyrir, hafi hann sýnt fram á getu til greiðslu málskostnaðar. Varakrafan sé á því reist, að krafa stefnda sé allt of há.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 getur stefndi við þingfestingu máls krafist málskostnaðartryggingar úr hendi stefnanda, ef leiða má líkur að því, að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Í endurriti úr gerðabók sýslumannsins í Bolungarvík 13. desember 1995 kemur fram, að framkvæmdastjóri stefnanda kveðst ekki geta bent á aðrar eignir en kröfur á hendur Íslensku marfangi hf. Krafðist gerðarbeiðandi þess þá, að gerðinni yrði lokið án árangurs, og var svo gert með vísan til 8. kafla laga nr. 90/1989. Í málinu liggur fyrir yfirlýsing um, að engin skuld standi nú að baki hinni árangurslausu fjárnámssgerð. Hafi krafan verið greidd 22. desember 1995. Aðrar upplýsingar liggja ekki fyrir um hag stefnanda.

Þegar stefndi lagði fram endurrit hinnar árangurslausu fjárnámssgerðar, leiddi hann með því líkur að því, að stefnandi væri ófær um greiðslu málskostnaðar. Hins vegar er á það að líta, að engin skuld stendur nú að baki hinni árangurslausu fjárnámssgerð. Dómaframkvæmd bendir til, að líkur verði að vera verulegar, til þess að fært þyki að taka kröfur þessar til greina, en af því verður sú ályktun dregin, að beita beri ákvæðinu af varfærni. Þegar allt framanritað er virt, er það álit dómsins, að stefndi hafi ekki leitt nægjanlega sterkar líkur að því, að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Ber samkvæmt því að hafna kröfu stefnda um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda.

Júlíus B. Georgsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu stefnda, Íslensks marfangs hf., að stefnandi, Þuríður hf., setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar, er synjað.